



## HÉRAÐSSAKSÓKNARI

KB/

Reykjavík 21. maí 2017

Að beiðni velferðarnefndar Alþingis gerir embætti héraðssaksóknara neðangreinda umsögn um frumvarp til laga um bann við tilteknum frammistöðubætandi efnum og lyfjum, 432. mál.

Héraðssaksóknari telur að með frumvarpinu séu lagðar til þarfar lagabreytingar. Saksóknarar sem fara með ákærvald í alvarlegum ofbeldisbrotum hafa orðið þess áskynja að slíkum málum, þar sem grunur er um að sakborningur neiti stera, hefur fjölgað. Ekki hefur verið haldið sérstaklega utan um tölfærði um slík mál en það er upplifun ákærenda að þetta sé sífellt að aukast. Sem dæmi má nefna að í a.m.k. fimm alvarlegum brotum sem komu til kasta héraðssaksóknara á árinu 2016 var uppi sterkur grunur um steranotkun sakborninga í málum sem vörðuðu alvarleg ofbeldis- og kynferðisbrot í nánnum samböndum. Það er því að mati héraðssaksóknar jákvætt skref að setja sérstaka löggjöf sem kveður á um refsinámi tiltekinna frammistöðubætandi lyfja og efna en það er til þess fallið að senda skýr skilaboð frá löggjafanum um að taka beri slík brot alvarlega.

Kolbrún Benediktsdóttir  
varahéraðssaksóknari

Velferðarnefnd